

Nd.

336. Nefndarálit

um frv. til íþróttalaga.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefir ekki orðið einhuga um afgreiðslu þessa máls. Undirritaður meiri hluti vill láta frv. ná fram að ganga með nokkrum breytingum. Þó ritar Gísli Sveinsson undir nál. með fyrirvara gagnvart brtt., sem fram kunna að koma í málinu. Hann telur sig ekki mótfallinn löggjöf um þetta efni, en hefði þó kosið frv. á ýmsan hátt öðruvísi en það nú er, og ennfremur meiri undirbúningstíma.

Minni hluti nefndarinnar, Pétur Halldórsson, skilar sérstöku nál.

Meiri hlutinn gerir nú þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr.
 - a) Í stað „Kennslumálaráðherra“ komi: Fræðslumálastjórnin.
 - b) Í stað „ráðherra“ komi: fræðslumálastjórninni.
2. Við 3. gr.
 - a) Í stað „ráðherra“ í 1. málsl. komi: kennslumálaráðherra.
 - b) 2. másl. orðist svo: Hann skal ráðinn af fræðslumálastjórn til þriggja ára í senn, og greiðast laun hans úr rikissjóði.
3. Við 6. gr. Orðin „nema til útbreiðslu miði“ í lok greinarinnar falli niður.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Þessir aðilar geta notið styrks úr íþróttasjóði:

 1. Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.), Ungmennafélag Íslands (U. M. F. Í.), svo og félög og félagasambönd innan vébanda þeirra.
 2. Bæjar-, sveitar- eða sýslufélög og skólar.
 3. Samtök þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölul. þessarar greinar, svo sem íþróttasamtök slík, er ræðir um í 25. gr. laga þessara.
5. Við 8. gr.
 - a) Orðin „um það“ í 1. málsgr. falli niður.
 - b) Í stað „eftirfarandi“ í upphafi 2. málsgr. komi: þess.
6. Við 9. gr. Í stað „og er hún háð samþykki ráðherra“ komi: og skal hún staðfest af fræðslumálastjórninni.
7. Við 13. gr.
 - a) Orðið „árlegum“ í 2. málsgr. falli niður.
 - b) Aftan við greinina bætist: Fræðslumálastjórninni er heimilt að veita skólahéruðum undanþágu frá sundskyldu skólabarna fyrstu fimm árin frá því, er lög þessi öðlast gildi, þar sem nauðsyn krefur.
8. Við 13., 15., 20., 21. og 23. gr. Í stað „ráðherra“ í greinum þessum komi: fræðslumálastjórn.
9. Við 20. gr. Orðin „í Reykjavík minnst hálfis mánaðar tíma“ í 2. málsgr. falli niður.
10. Við 21. gr. Í stað orðanna „skulu prófa“ í 1. málsgr. komi: skulu annast próf.
11. Við 22. gr. Fyrsti málsliður orðist svo:

Við héraðsskóla, einn eða fleiri, skal halda uppi sérdeildum til íþróttakennslu, og skulu nemendur, sem til þess þykja fallnir að dómi skólastjóra, eiga kost á að stunda þar nám eftir eins vetrar dvöl í héraðsskóla eða öðrum skóla jafngildum.
12. Við 24. gr.
 - a) Orðin „viðurkennd landsambönd . . . Ungmennafélags Íslands (U. M. F. Í.)“ falli niður.

- b) Í stað „Í. S. Í.“ í 1. málsgr. komi: íþróttasamband Íslands.
c) Aftan við greinina bætist: Þó getur íþróttanefnd mælt svo fyrir, að enginn megi taka þátt í keppni í tilteknum íþróttagreinum, nema leknir hafi áður skoðað hann.
13. Við 25. gr.
a) Orðið „landfræðilegri“ í 1. másl. falli niður.
b) Í stað „fræðslumálastjóra“ í 5. másl. komi: fræðslumálastjórnar.
14. Við 26. gr.
a) Fyrir orðið „eru“ í 2. tölul. komi: séu.
b) Orðin „og getur íþróttanefnd . . . skoðað hann“ falli niður.
15. Við 27. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Skylt er bæjar-, sveitar- og sýslufélögum o. s. frv.
16. Við 31. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru úr gildi numin lög nr. 24 23. júní 1932, um próf leikfimi- og íþróttakennara, reglugerð nr. 79 11. júlí 1934, um sama efni, svo og önnur ákvæði eldri laga og reglugerða, er brjóta í bága við þau.
Til þess að koma upp mannvirkjum eða fá ráð á fasteignum, sem lög þessi mæla fyrir um, skal veittur fimm ára frestur frá gildistöku þeirra.

Alþingi, 24. nóv. 1939.

Bjarni Bjarnason,
form.

Pálmi Hannesson,
fundaskr., frsm.
Ásg. Ásgeirsson.

Gisli Sveinsson,
með fyrirv.